

Jafnlaunastefna Sæplasts

Sæplast leggur metnað sinn í að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að launamunur sé ekki til staðar.

Markmið Sæplasts er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem öll kyn hafa jöfn tækifæri í starfi.

Stjórnendur skuldbinda sig því að fara eftir þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Sæplast hefur skjalfest, innleitt, og heitir að viðhalda og bæta stöðugt virkni jafnlaunakerfis sem uppfyllir kröfur ÍST85:2012 staðalsins.

Samkomulag hefur verið gert við BSI vottunaraðila um að gera árlega úttekt á jafnlaunastefnu og kerfi Sæplasts. Geri vottunaraðili á einhverjum tímapunkti athugasemdir varðandi launasamsetningu einhverra starfa mun samsetning vera endurskoðuð í kjölfar ábendingar og lagfærð.

Sæplast hefur í þessu samhengi innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Sæplast skuldbindur sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvívetna.

Sæplast skuldbindur sig til að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012, það verði skjalfest og því viðhaldið.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun.
- Gera innri úttekt
- Halda rýni stjórnenda árlega þar sem virkni kerfisins er metin og að setja fram mælanleg markmið fyrir komandi ár.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma skv. lögum 150/2020.
- Kynna starfsmönnum þessa stefnu og gera hana aðgengilega almenningi á heimasíðu.

Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til allra starfsmanna Sæplasts. Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Sæplasts.

Framkvæmdarstjóri er ábyrgðarmaður stefnunnar, Gæðastjóri ber ábyrgð á framkvæmd hennar, endurskoðun og kynningu til allra starfsmanna Sæplasts.

Dalvík, 31. ágúst 2022

Arnar Már Snorrason

Framkvæmdarstjóri Sæplasts